

**Umsögn Klúbbsins Geysis um tillögu til þingsályktunar
um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar.**

Klúbburinn Geysir fagnar framkominni þingsályktunartillögu um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar. Hér að neðan koma athugasemdir Geysis við tillöguna og greinargerðina:

Ef að fela á heilbrigðisráðherra, í samvinnu við félags- og húsnæðismálaráðherra, að móta geðheilbrigðisstefnu og gera aðgerðaráætlun í málaflokknum, er mikilvægt að notendur geðheilbrigðisþjónustunnar og önnur hagsmuna- og félagssamtök sem þjónusta geðsjúka séu kallaðir að borðinu við þá vinnu. Gott er að hafa slagorð Öryrkjabandalagsins „*ekkert um okkur án okkar*“ að leiðarljósi í þeirri vinnu.

Klúbburinn tekur undir þau sjónarmið að meginmarkmið Íslendinga í geðheilbrigðismálum sé að einblína á styrkleika fólks og getu. Enda er það í anda hugmyndafræði Fountain House sem Klúbburinn Geysir byggir starf sitt á, að einbeita sér að styrk og hæfileikum hvers og eins, í stað þess að einblína um of á sjúkdóminn. Einnig skiptir sveigjanleiki í þjónustu máli þar sem þarfir fólks eru ólíkar.

Klúbburinn Geysir tekur undir þau sjónarmið að breytt viðhorf við meðferð geðsjúkra með valdeflingu, aukin mannréttindi og samfélagsnálgun á þjónustu sé af hinu góða. Einnig er mikilvægt að færa meðferð út af stofnunum út í samfélagið. Auka virkni og þátttöku geðsjúkra í eigin meðferð og virða sjáflsákvörðunarrétt þeirra í hvívetna. Mikilvægt er að einblínt sé á batamiðaða þjónustu og sú hugmyndafræði höfð að leiðarljósi samhliða samfélagsnálgun í meðferð og valdeflingu.

Klúbburinn Geysir tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð að fjárveitingar til málaflokksins hafi ekki verið í hlutfalli við þann fjölda fólks sem undir hann falla og hafa sannarlega þörf á þjónustu. Mikilvægt er að styðja fjárhagslega við uppbyggingu og þróun geðþjónustu opinberra aðila m.a með því að stórefla þjónustu við geðsjúka á heilsugæslum. Klúbburinn Geysir vill þó benda á mikilvægi þess að styðja vel við bakið á þeim frjálsu félagsamtökum sem hafa sinnt málaflokkinum af mikilli elju. Fjárframlög frá hinu opinbera hafa verið skert þrátt fyrir stóraukna þörf fyrir þjónustu.

Klúbburinn Geysir telur að heildstæða stefnumótun í málaflokknum hafi hingað til skort. Af þeim sökum fagnar Klúbburinn Geysir framkominni tillögu til þingsályktunar ef framangreind atriði eru höfð að leiðarljósi við þá stefnumótun sem framundan er.

Þórunn Ósk Sölvadóttir, framkvæmdastjóri Klúbbsins Geysis
Óðinn Einisson, félagi í Klúbbum Geysi